

1. maí verður dregið í Ferðahappdrætti S. U. J.

Kaupið miða strax og gerið skil.

FERÐAHAPPDRAETTI Sambands ungra jafnaðarmanna hefur verið í fullum gangi undanfarið og verður dregið 1. maí. Nokkrir miðar eru óseldir enn og er takmarkið að allir miðar seljist. Eru þeir, sem ekki hafa tryggt sér miða í þessu glæsilega happdrætti, hvattir til að draga það ekki lengur. Aðalvinningar eru þessir:

Ferð til Hamborgar með Loftleiðum fyrir tvo og vikuupphald þar.

Ferð til London með Flugfélagi Íslands fyrir einn.

Ferð til Kaupm.hafnar með Gullfossi fyrir einn.

Ferð um Ísland með Skipaútgerð ríkisins.

Innanlandsferð á vegum Orlofs og BSÍ.

Ferð um Ísland á vegum Páls Arasonar.

Innanlandsferð á vegum Ferðaskrifstofu ríkisins.

Aukavinningar:

Rafha eldavel.

Íslendingasögur o. fl. bækur.

Kuldaúlpa frá VÍR.

Loks eru þeir, sem fengið hafa senda miða, vinsamlegast beðnir að gera skil, þegar í stað. Í Reykjavík í skrifstofu SUJ, Alþýðuhúsinu, sími 16724. Í Hafnarfirði hjá Árna Gunnlaugssyni, Austurgötu 10, sími 50764, eða Albert Magnússyni, Sendibílastöðinni, sími 50941.

Frá Genf

Framhald af 1. síðu.

skuldbinda okkur þannig,“ sagði formaður íslensku nefndarinnar, „þar eð ríkisstjórn Íslands telur Íslendinga þegar hafa beðið eins þolinmóðlega og hægt er að búast við af heim, eins og ástætt er. Auk þess veit enginn, hvort samkomulag tekst á annarri ráðstefnu. Ég vil í þessu sambandi taka fram, að íslenska nefndin vonar, að Suður-Afríkuþinginu verði að góðu gagni varðandi svæðin utan fiskveiðilögsögu, en auðvitað hefur hún engin áhrif á fiskveiðilögsöguna sem slíka.“

Margir fulltrúar þökkðu Wan prins ágæta fundarstjórn. Hann sleit ráðstefnunni með ræðu og benti á ágætán árangur í mörgum greinum. Sagði hann, að þótt ekki hefði náðst samkomulag um landhelgina og fiskveiðilögsöguna, þá hefðu þó verið samþykktar um þau mál tillögur með einföldum ámeirihluta, sem bentu ef til vill til þess, hvar samkomulags væri að leita.

Aflafréttir

Framhald af 12. síðu.

son landar í dag á 3. hundrað tonnum.

AKRANES.

BÁTARNIR hér hafa fiskað um 10—20 tonn í róðri undan-

farið. Flestir þeirra róa vestur undir Jökul, en fiskur er alís staðar í flóanum.

Þrír bátar, héðan eru á rekinum, fá þeir 70—100 tonnur í róðri, á laugardag var einn þeirra með 155 tonnur. Mikil síld er að ganga á miðin allt frá Selvogsbanka vestur á Breiðafjörð. Virðist hún heldur vera að þjappast saman núna. Um helmingur af síldinni er mjög stór. Er það sennilega síld, sem er á leið norður.

Forseti ASF

Framhald af 12. síðu.

ur unnið mikið starf í því ríni. Einnig veitir hann stúdentum námsstyrki beggja megin hafins og vinnur að skiptum á starfsmönnum til þjálfunar. Síðan á stríðsárunum hafa 6000 Norðurlandmenn dvalizt við störf í amerískum fyrirtækjum á vegum hans. Kveður Mr. Den nett þessi skipti heilladrjúg í að auka kynni milli Bandaríkjanna og Norðurlanda.

Sundmót ÍR

Framhald af 12. síðu.

um endaspretti á nýju glæsilegu meti 1:06,4 mín. Gamla metið var 1:07,0. Karin Larsson synti á 1:07,5 mín.

Pétur Kristjánsson, Á, sigraði í 50 m. skriðsundi á 26,5

sek., Lars Larsson varð annar á 26,7 sek., en Guðmundur Gíslason þriðji á 27,0 sek.

Í 100 m bringusundi kvenna sigraði hún 14 ára gamla Hrafn heildur Guðmundsdóttir, ÍR, á glæsilegu ísl. meti 1:27,9 sek. Ágústa Þorsteinsdóttir varð önnur: 1:28,3. Gamla metið átti Þórdís Árnadóttir, Á og Hrafnhildur, 1:28,7.

Guðmundur Gíslason sigraði með miklum yfirburðum í 100 m. baksundi á 1:08,6 mín., nýtt met. Gamla metið átti hann sjálfur 1:09,4 mín.

Ármann sigraði í stigakeppni mótsins, hlaut 45 stig, ÍR hlaut 34 og SH 9.

Sundmótið heldur áfram í kvöld og verður keppt í mörgum skemmtilegum greinum, m. a. 400 m. skriðsundi, en þar keppa Lars Larsson og Guðmundur Gíslason, en Ágústa og Karin Larsson í 200 m. skriðsundi. Keppt verður alls í 10 greinum.

SVFÍ

Framhald af 12. síðu.

hann áhöfninni af mb. Von frá Grenivík 20/3 1958 og nú síðast 2 m. mönnum af trillubáti djúpt út af Látrabjargi.

Magnúsi Guðmundssyni lögregluþjóni í Reykjavík fyrir að bjarga Brynjólfi Einarssyni úr Reykjavíkurhöfn við erfiðar aðstæður 21/11 1957. Einnig hafði Magnús bjargað 15 ára dreng frá Patreksfirði fyrir nokkrum árum.

Einnig eftirtöldum 8 mönnum úr björgunarsveit Slysavarnafélagsins í Meðallandi fyrir björgun áhafna fjögurra skipa: Sigurgeir Jóhannsson, Bakkakoti, Björn Sveinsson, Langholt, Björn Erasmussen, Sandhóli, Jón Arnason, Efri-Ey, Loftur Runólfsson, Strönd, Ólafur Larússon, Fljótakröki, Magnús Pálsson, Syðri-Steinsmýri, Halldór Hávarðsson, Króki.

Nokkrir aðrir aðilar hlutu 3. verð. eða heiðurskijöl.

HEIMSÓKN

TIL FORSETAHJÓNANNA


Sunnudaginn 27. apríl fóru þingfulltrúar til Bessastaða í boði forsetahjónanna. Hlýddu menn messu í Bessastaðakirkju. Séra Garðar Þorsteinsson prófastur prédikaði. Þágu fulltrúar veitingar á heimili forsetahjónanna að lokinni messu.

BYGGING

Á GRANDAGARÐI

Landsþingið hafði til meðferðar ýmis mikilvæg mál, sem varða starfsemi félagsins og slysavarnir í landinu almennt. Var meðal annars samþykkt að hefjast handa um byggingu húss fyrir alla starfsemi Slysavarnafélagsins á lóð þeirri, er félagið hefur fengið á Grandagarði. Lágur fyrir á þinginu uppdættir af húsinu gerðir af Gísla Halldórssyni arkitekt. Er þetta tveggja hæða hús, 36×10 metra, sem mun rúma alhliða starfsemi félagsins og skyli fyrir björgunarbátinn.

Byggingarnefnd hefur verið skipuð til að vinna að framgangi málsins og hefur hún haft með höndum allan undirbúning þess. Nefndina skipa: Séra Óskar J. Þorláksson, Ólafur B. Björnsson, Akranesi og Gunnar Friðriksson, Reykjavík. (Mynd af líkani hússins fylgir. Líkanið er gert af Eggert Guðmundssyni listmálara.)



Myndastjórnir Ásgarðar Ester Búadóttur og Benedikts Gunnarssonar í Sýningarsalnum við Ingólfsstræti, hefur nú staðið yfir í 10 daga, aðsókn að sýningunni hefur verið góð, en henni lýkur 1. maí. Á myndinni er Benedikt við nokkrar myndar sinna. Allar myndir hans á þessari sýningu eu málaðar á gleri með litum sem hleypa ljósinu vel í gegnum sig. Myndir Ásgarðar eru ofnar úr íslenskri ull. — Sýningin er opin daglega kl. 2—10.

Enn óvíst hvert verður svar Vesturveldanna við tillögu Rússa um aðild Tékká og Pólverja að sendiherraviðræðunum.

Brezku blöðin og jafnaðarmannaleiðtogar eru því fylgjandi.

PARÍS, mánudag (NTB). — Vesturveldin munu svara síðustu tillögu Sovétríkjanna í sambandi við viðræður sendiherranna í Moskvu um leið og slíkt er mögulegt, því að bæði Bandaríkin, Bretland og Frakkland hafa áhuga á að koma undirbúningsviðræðum undir hinn fyrirhugaða fund æðstu manna af stað, segja ábyrgir aðilar í París í dag við fréttastofuna AFP. Fréttir um, að brezka stjórnin eigi að vera því fylgjandi að sendiherrar Tékkóslóvakíu og Póllands í Moskvu fái aðgang að undirbúningsviðræðunum, hafa ekki fengið staðfestingu í London.

Segja ábyrgir aðilar í London, að þegar búið sé að fallast einu sinni á jafnréttissjónarmið og það framkvæmt, yrði erfitt að komast framhjá því í næsta skrefi, þ. e. a. s. á fyrirhuguðum utanríkisráðherra-fundi og á sjálfum fundi æðstu manna. Vesturveldin hafa alltaf verið þeirra skoðunar, að takmarka beri sem mest fjölda þátttakenda, bæði á fundi utanríkisráðherra og æðstu manna. Hins vegar er mönnum ljóst,

að næstum öll brezku blöðin og flestir leiðtogar jafnaðarmanna eru þeirrar skoðunar, að fallast beri á tillögu Rússa.

Ábyrgir aðilar í Frakklandi hafa tæknilega ekkert á móti því, að sendiherrar Tékkóslóvakíu og Póllands taki sæti við samningaborðið. Menn óttast aðeins, að verði fallist á sjónarmið Rússa um jafnræði komi fram keðjuverkun, þannig að önnur lönd, eins og t. d. Kanada og Ítalía geri kröfu til að hafa fulltrúa við þessar viðræður, og því geti verið betra, að Gromyko ræði við sendiherrar vesturveldanna hvern fyrir sig, eins og verið hefur, segja þessir aðilar.

Sendiherrar Breta og Frakká í Washington áttu í dag að ræða við ameríska utanríkisráðuneytið skoðanir stjórna sinna á tillögu Rússa.

Kjarnorkusprenging yfir Kyrrahafi.

BRETAR sprengdu í gær atómsprengju í mikilli hæð yfir Kyrrahafi í nánd við Jólacýju. Í opinberri tilkynningu segir, að geislafræðni hafi verið hverfiandi lítil. Tilraunin tókst mjög vel, segir í tilkynningunni, en ekkert er látið uppi um stærð sprengjunnar, en gert er ráð fyrir, að um svonefnda megaton-sprengju hafi verið að ræða. Þær sprengjur eru á við milljón tonn af venjulegu sprengiefni.

LEIGUBÍLAR

Bífreiðastöð Steindórs
Sími 1-15-80

Bífreiðastöð Reykjavíkur
Sími 1-17-20

SENDIBÍLAR

Sendibílastöðin Pröstur
Sími 2-21-75

Útvarp Reykjavíkur

Dagskráin í dag:

19.30 Tónleikar: Óperettulög.

20.30 Daglegt mál (Árni Böðvarsson cand. mag.).

20.35 Erindi: Myndir og minningar frá Kapernaum, síðari hluti (séra Sigurður Einarss.).

21 „Afmælisúðrasveit Alberts Klahn 1958.“

21.30 Útvarpssagan: „Sólon Íslendus“ eftir Davíð Stefánsson frá Fagraskógi, XXVI (Þorsteinn Ö. Stephensen).

22.10 Íþróttir (Sigurður Sigurðsson).

22.30 „Þriðjudagsþátturinn.“ — Jónas Jónasson og Haukur Morthens stjórna þættinum.

Dagskráin á morgun:

12.50—14 „Við vinnuna“: Tónleikar af plötum.

19.30 Tónleikar: Óperulög.

20.30 Lestur fornrita: Harðar saga og Hólmverja, V (Guðni Jónsson prófessor).

20.55 Íslensk tónlist (plötur): „Ég bið að heilsa“, ballettmúsík eftir Karl O. Runólfsson.

21.15 Ferðabáttur: Yfir Fljótsdalsheiði (Jónas Pétursson tilraunastjóri).

21.35 Tónleikar (plötur).

21.45 Íslenskt mál (Ásgeir Blöndal Magnússon kand. mag.).

22.10 „Víxlar með afföllum“, framhaldsleikrit Agnars Þórðarsonar, 8. þáttur endurtekinn.

22.50 Létt lög: Julie London syngur.